

Stöðuskýrsla um afreksstarf Landssambands hestamannafélaga 2025

Starfsmenn í afreksmálum

- Afreksstjóri starfshlutfall
- Landsliðsþjálfari A-landsliðs
- Landsliðsþjálfari U-21 landsliðs
- Yfirþjálfari hæfileikamótunar

Landsliðshópar LH 2025

Við val á knöpum í landsliðshópana er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu. Ákveðnir viðburðir eru skylduviðburðir fyrir alla landsliðsknapa að mæta á, fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“, Menntadagur landsliðsins, ákveðin WR-mót og Íslandsmót.

Starfsemi A-landsliðsins

A-landsliðshópur LH 2024-2025:

Hópurinn var skipaður 5 titilverjendum og 15 öðrum knöpum, 6 konum og 14 körlum.

Í upphafi vetrar var sett upp dagskrá fyrir landsliðið fram að HM. Hún fól m.a. í sér fyrirlestra og nokkur WR-mót sem landsliðsknapar skyldu taka þátt í. Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna.

Dagskrá A-landsliðshóps

- Menntadagur 30. nóvember
- Heimsókn að Hólum í desember - Fyrirlestrar og sýnikennslur starfsmenn Hóla og Angelo Telatin
- Heimsóknir landsliðsþjálfara til knapa í janúar/febrúar
- Fyrirlestur Dagur Sigurðsson
- Allra sterkustu

10. júlí var val á knöpum fyrir heimsmeistaramót kynnt en Ísland á sjö sæti í fullorðinsflokki á mótinu, og að auki mættu fjórir titilverjendur frá HM 2023 til þátttöku á HM 2025.

Starfsemi U21-landsliðs

U21-landsliðshópur LH 2024-2025:

Hópurinn var skipaður 2 titilverjendum og 12 öðrum knöpum, 9 stúlkum og 5 strákum.

Í U21-árs landsliðshópnum er knöpum skylt að hitta reiðkennara/þjálfara reglulega.

Landsliðsþjálfari hittir knapana og þjálfara þeirra með reglulegu millibili og fylgist náið með þjálfunarferlinu og gerir stöðumat. Boðið er upp á þjálfunarhelgar þar sem allur hópurinn hittist ásamt gestakennara og gestafyrirlesurum.

Knapar í U21-liðinu taka þátt í mótaroðum vetrarins, ýmist í sínum aldursflokki eða í flokki fullorðinna og eru í þeim tilvikum að keppa upp fyrir sig í aldri.

Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna.

Dagskrá U21-landsliðshóps

- Haust mælingar með Rúnari Hjálmarsyni styrktarþjálfara
- Menntadagur landsliðsins, sýning U21 og hæfileikamótun á sunnudeginum

- Janúar Vinnuhelgi með hesta í Eldhestum (Hekla og Diddi)
- Janúar (í tengslum við vinnuhelgina) Heimsóknir og sýnikennslur á Kvistum og á Fákshólum
- Allra sterkustu skrautreið og aðstoð við framkvæmd viðburðar ásamt æfingum fyrir viðburðinn
- Viðtöl og einstaklingsfundir með knöpum
- Riðin prógrömm á velli (lokaþingur HM)

10. júlí var val á knöpum fyrir heimsmeistaramót kynnt en Ísland átti fimm sæti í flokki ungmenna á mótinu, og að auki mættu tveir titilverjendur í ungmennaflokk frá HM 2023.

Hæfileikamótun LH

Verkefnið hæfileikamótun hefur þróast vel síðustu ár og á örugglega mikinn þátt í því hversu framúrskarandi knapa við eigum í yngri flokkum og stöndum öðrum þjóðum miklu framar í yngri flokkum. Verkefnið er lykillinn að framtíðinni í íslenski reiðmennsku og mikilvægt er að halda vel utan um þennan hóp og ekki vanmeta þetta verkefni.

Hæfileikamótun 2023 fyrir 14 til 17 ára unglinga hófst í nóvember 2024. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 63 unglingar sóttu um og voru 40 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun, skipt í tvo hópa. Þátttakendur komu víð að af landinu, allt frá Hornafirði norður í Eyjafjörð.

Að auki var þeim 23 unglingum sem ekki voru valdir inn í þetta sinn, boðið að mæta eina helgi í kennslu hjá yfirþjálfara hópsins Hæfileikamótunar aðstoðarkennara, til að fá innsýn í starfið og einnig til að veita þeim tækifæri til að kynna sig fyrir þjálfara hæfileikamótunar.

Starfsárið hófst að vanda með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gist var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar m.a. ásetu og stjórnun, fimíæfingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum. Ásamt þessu voru fengu allir tvær kennsluhelgar eftir áramót þar sem kennt í einkatímum og boðið upp á fyrirlestra. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir ásamt því að auka skilning fyrir hestinum. Síðan var einn lokadagur um vorið þar sem boðið var upp á fyrirlestra og endað á sameiginlegu grilli.

Á tímabilinu bauðst öllum knöpum Hæfileikamótunar að senda yfirþjálfara myndband af hestum sínum á velli og fá punkta fyrir Íslandsmót.

Hæfileikamótun LH tók þátt í sunnudagssýningu menntadagsins þar sem starf U21 og Hæfileikamótunar var kynnt.

Heimsmeistaramót

Eftir Íslandsmót í byrjun júlí voru þeir knapar sem líklegastir voru til að vera valdir til að keppa á HM, kallaðir í dýralæknaskoðun með hesta sína. Sú skoðun fór fram á Grænhóli. Seinni dýralæknaskoðun var svo rétt fyrir útflutning til að tryggja að allir hestar séu í standi þegar á hólminn er komið. Endanlegt val á landsliði var kynnt 10. Júlí.

Landslið Íslands á HM

A-landslið

Titilverjendur:

Elvar Þormarsson, Hestamannafélagið Geysir
Glódís Rún Sigurðardóttir, Hestamannafélagið Sleipnir
Jóhanna Margrét Snorrardóttir, Hestamannafélagið Máni
Sara Sigurbjörnsdóttir, Hestamannafélagið Geysir

Aðrir knapar:

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, Hestamannafélagið Hörður
Árni Björn Pálsson, Hestamannafélagið Fákur
Daníel Gunnarsson, Hestamannafélagið Skagfirðingur
Helga Una Björnsdóttir, Hestamannafélagið Þytur
Hinrik Bragason, Hestamannafélagið Fákur
Sigursteinn Sumarliðason, Hestamannafélagið Sleipnir
Þórarinn Ragnarsson, Hestamannafélagið Jökull

U21-landslið

Titilverjendur:

Herdís Björg Jóhannsdóttir, Hestamannafélagið Sprettur
Jón Ársæll Bergmann, Hestamannafélagið Geysir

Aðrir knapar:

Kristján Árni Birgisson, Hestamannafélagið Geysir
Lilja Rún Sigurjónsdóttir, Hestamannafélagið Fákur
Matthías Sigurðsson, Hestamannafélagið Fákur
Védís Huld Sigurðardóttir, Hestamannafélagið Sleipnir
Þórgunnur Þórarinsdóttir, Hestamannafélagið Skagfirðingur

HM2025 var haldið í Sviss í byrjun ágúst. Liðið hélt af landi brott 28. Júlí og mótinu lau, 10. Ágúst, en ferðin í heild sinni tók 16 daga.

Úrslit:

Fullorðinsflokkur	Grein/Sæti	Verðlaun
Árni Björn Pálsson	T1 1. sæti	Gull
Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir	T2 1. sæti	Gull
Sigursteinn Sumarliðason	P1 2. sæti	Silfur
Sigursteinn Sumarliðason	P2 2. sæti	Silfur
Hinrik Bragason	PP1 2. sæti	Silfur
Helga Una Björnsdóttir	T2 2. sæti	Silfur
Elvar Þormarsson	F1 3. sæti	Brons
Glódís Rún Sigurðardóttir	F1 5. sæti	
Jóhanna Margrét Snorrardóttir	T1 6. sæti	
Helga Una Björnsdóttir	V1 6. sæti	
Daníel Gunnarsson	P1 6. sæti	
Hinrik Bragason	P1 8. sæti	

Sara Sigurbjörnsdóttir	T2 9. sæti	
Daníel Gunnarsson	P2 9. sæti	
Hinrik Bragason	P2 10. sæti	
Þórarinn Ragnarsson	F1 10. sæti	

Ungmennaflokkur	Grein/Sæti	Verðlaun
Jón Ársæll Bergmann	F1 1. sæti	Gull
Jón Ársæll Bergmann	PP1 1. sæti	Gull
Jón Ársæll Bergmann	Samanl fimmg 1. sæti	Gull
Védís Huld Sigurðardóttir	V1 1. sæti	Gull
Védís Huld Sigurðardóttir	T1 1. sæti	Gull
Kristján Árni Birgisson	P1 1. sæti	Gull
Kristján Árni Birgisson	P2 1. sæti	Gull
Lilja Rún Sigurjónsdóttir	T2 2. sæti	Silfur
Þórgunnur Þórarinsdóttir	F1 2. sæti	Silfur
Lilja Rún Sigurjónsdóttir	T1 3. sæti	Brons
Matthías Sigurðsson	PP1 5. sæti	
Þórgunnur Þórarinsdóttir	T1 6. sæti	
Þórgunnur Þórarinsdóttir	PP1 8. sæti	
Herdís Björg Jóhannsdóttir	T1 8. sæti	
Matthías Sigurðsson	P1 8. sæti	
Matthías Sigurðsson	P2 8. sæti	

Íslenska liðið	Samanlagður árangur	1. sæti
----------------	---------------------	---------

Árangur

A-landslið vann 2 heimsmeistaratitla af sjö, 4 silfur og 1 brons.

U21 landslið vann 7 af heimsmeistaratitla af níu, 2 silfur og 1 bronsverðlaun.

Íslenska liðið var samanlagt með bestan árangur eftir forkeppni og vann þar með liðabikarinn og 1. sæti.